

Fundur í stjórn foreldrafélags Sunnulækjarskóla
3. fundur skólaárið 2011 - 2012

fundartími 17:30 – 19:00

Mættir voru, Linda Björk Sigurðardóttir, Anne B Hansen, Óskar Gunnarsson, Helena Herborg Guðmundsdóttir, Valborg Tryggvadóttir

Fjarverandi, Björgvin Eggertsson, Karen Guðmundsdóttir

Fundarstjóri Linda Björk

fundaritari Óskar Gunnarsson

Fyrst var tekin fyrir ábending frá foreldri að hjálmanotkun í 6. og 7. bekk er lítil. Spurning er hvernig foreldrafélagið geti komið með ábendingu um öryggi þess að nota hjálm við hjólreiðar.

Ræddur var fundur með stjórn foreldrafélagi Vallarskóla varðandi sameiginlegan fræðslufyrirlestur og er mikill áhugi um samstarfi milli skóla og áhugi á sameiginlegum fræðslufyrirlestri. Til stendur að funda aftur sameiginlega á nýju ári varðandi þessi mál.

Linda tjáði frá forvarnafundi sem hún fór á hjá forvarhópi hjá Árborg og um hvað hafi verið rætt.

Rætt var um nýliðinn forvarnafund sem haldin var og var varðandi skaðsemi munntóbaks, fundurinn var mjög fámennur, spurning hvernig er hægt að vekja áhuga foreldra á að sækja slíka fundi.

Linda fræddi fundarmenn um endurvakningu samtakana Foreldrasamtök á Suðurlandi (FÁS) og er búið að kjósa nýjan formann og verið er að blása nýju lífi í þessi samtök.

Fundi slitið kl 19:00